

Samkomulag um launaröðun

milli Háskólans á Akureyri og Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR)

1. gr.

Launaröðun prófessora verður sem hér segir, sbr. launatöflu í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 25. nóvember 2014:

Röðun prófessora	Lfl.
Prófessor I	13-3
Prófessor II	14-4
Prófessor III	16-4
Prófessor IV	18-4
Prófessor V	19-7
Prófessor VI	21-4
Prófessor VII	21-6

Tímakaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi prófessors. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu er fastur taxti, 0,615% af launaflokki 19-8.

2. gr.

Í kjölfar skilgreiningar á sérstöðu prófessora, sbr. bókun 2 með samkomulagi um breytingar á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra dags. 25. nóvember 2014 raðast þeir einu þrepi ofar en kemur fram í 1. gr. frá 1. apríl 2014.

3. gr.

Háskólinn á Akureyri og Félag prófessora við ríkisháskóla stefna að gerð stofnanasamnings fyrir 1. mars 2015. Við gerð stofnanasamningsins verði meðal annars rætt um kennsluafslátt vegna rannsókna og stuðning við prófessora vegna rannsóknamissera og ráðstefnuferða. Höfð verði hliðsjón af stofnanasamningi Háskóla Íslands við Félag prófessora við ríkisháskóla frá 16. desember 2013 og viðauka við þann stofnanasamning frá 25. nóvember 2014. Aðilum er ljóst að nú þegar gilda reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna rannsóknarmissera sem háskólaráð hefur samþykkt. Engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi stuðning við starfsmenn vegna ráðstefnuferða almennt.

4. gr.

Samkomulag þetta gildir frá undirritun.

Akureyri, 25. nóvember 2014

F.h. Háskólans á Akureyri

F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla

